

Ár 2017, miðvikudaginn 6. desember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð í húsakynnum Íþróttasambands Íslands að Engjavegi 6, 104 Reykjavík, af Björgu Ástu Þórðardóttur dómara, Hilmarí Gunnlaugssyni, meðdómara og Sigurði Magnússyni meðdómara.

Fyrir er tekið:

Málið nr. 10/2017:

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

Steindóri Ingasyni

Gögn málsins nr. 1 til 17 liggja frammi. Mættir eru Birgir Sverrisson, f.h. kæranda, og Sveinbjörn Claessen hdl., lögmaður kærða ásamt kærða.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 20. október sl. Kærandi er Lyfjaráð ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Kærði er Steindór Ingason, kt. 050494-2849, Rjúpnasölum 10, 201 Kópavogi. Málinu var úthlutað Björgu Ástu Þórðardóttur dómara í dómstól ÍSÍ 20. október 2017. Kærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu. Lögmaður kærða skilaði greinargerð, dags. 2. nóvember 2017. Lyfjaráði var kynnt greinargerð kærða og skilaði ekki athugasemdum.

Málið var þingfest mánudaginn 20. nóvember sl. Með vísan til greinar 23.6 í lögum ÍSÍ kallaði dómari þá Hilmar Gunnlaugsson dómara í dómstól ÍSÍ og Sigurð Magnússon líffræðing sem meðdómendur í málinu. Aðalmeðferð fór fram 28. nóvember sl. og í kjölfarið sama dag var málið dómtekið.

I. Dómkröfur

Kærandi gerir þá kröfu að kærði verði dæmdur til fjögurra ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félag eða deilda innan þeirra, frá undirritun bráðabirgðabanns að telja.

Kærði gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður af kröfu kæranda. Til vara gerir kærði þá kröfu að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi kæranda að mati dómsins eða samkvæmt framlagðri tímaskrá.

II. Málsatvik.

Óumdeilt er að kærði var boðaður í lyfjaeftirlit utan keppni þann 6. september 2017 þar sem hann var á íshokkiæfingu hjá íþróttafélaginu Esju í Skautahöll Reykjavíkur. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ var framkvæmdaraðili lyfjaeftirlitsins og tók þvagsýni af kærða. Þvagsýnið var sent til greiningar í viðurkenndri rannsóknarstofu í Huddinge í Svíþjóð. Samkvæmt niðurstöðu greiningar úr lyfjaprófinu greindist í þvagsýninu efnið drostalone og niðurbrotsefni þess 2a-methyl-5a-andost-3-ol-17-one sem eru í flokki S1.1A á bannlista WADA.

Enn fremur er óumdeilt að kærði mætti til skýrslutöku hjá Lyfjaeftirlitsnefnd þann 21. september sl. Þar játaði kærði að hafa notað umrætt efni í þrjár vikur en hætt inntöku 16. júlí 2017. Skrifaði hann samdægurs undir bráðabirgðabann sem meinar honum þátttöku í keppni eða annarri starfsemi á vegum aðildarfélaga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

III. Málalíbúnaður kæranda.

Af hálfu kæranda er vísað til þess að samkvæmt gr. 1.3.1.1, 1.3.1.4 og 1.3.3 í lögum ÍSÍ um lyfjamál nái löggin til allra íþróttamanna sem eru meðlimir sérsambands eða einhvers sambandsaðila ÍSÍ hvort sem þeir keppa á mótum innan eða utan ÍSÍ. Í þessu tilfalli er UMFK Esja aðili að Íshokkisambandi Íslands sem er sambandsaðili ÍSÍ og kærði er félagsmaður þar, sbr. framlagðar leikskýrslur þar sem fram kemur að kærði leikur undir merkjum UMF Esju.

Samkvæmt 2. gr. laga ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef bannað efni greinist í lyfjaprófi, sbr. 2.1.

Með vísan til málavaxtalýsingar og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.3.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skuli refsing fyrir fyrsta brot vera fjögurra ára óhlutgengi, nema að íþróttamaðurinn geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið að yfirlögðu ráði. Telur Lyfjaráð ÍSÍ að síðastnefnd undanþága eigi ekki við í þessu tilfalli. Þá vísar kærandi til greinar 10.2.1 varðandi viðurlög.

IV. Málalíbúnaður kærða.

Af hálfu kærða er á því byggt að kæran í málinu sé haldin ágöllum sem leiða eigi til sýknu kærða. Vísar kærði til þess að kæran byggi á ætluðu broti kærða á gr. 2.1 laga ÍSÍ um lyfjamál um bann við tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess sem finnast í líkamssýnum. Telur kærði að í kærinni skorti að heimfæra brotið til refsíákvæðis laga ÍSÍ um lyfjamál og bendir í því skyni á að tilvísun í kæru, þar sem kærandi vísar "til greinar 10 varðandi viðurlög einkum greinar 10.2.1," samræmist ekki meginreglum sakamálaréttarfars um skýrleika ákæru og heimfærslu til refsíákvæðis. Ágallinn felist í því að tilgreina ekki sérstaklega hvaða undirgreinar greinar 10.2.1 eigi við, nánar tiltekið 10.2.1.1 eða 10.2.1.2. Skipting í umræddar undirgreinar sé tilkomin vegna tveggja ólíkra refsiverðrar verknaðarframkvæmda, annars vegar vegna annars en sérstaklega tilgreinds efnis og hinsvegar vegna sérstaklega tilgreinds efnis. Bendir kærði á að sönnunarstaða kærða sé gjörólík eftir því hvor greinin eigi við. Varði brot við gr. 10.2.1.1 þá hvílir sönnunarbyrðin á íþróttamanninum að sýna fram á að brot hans hafi ekki verið að yfirlögðu ráði en varði brotið gr.

10.2.1.2 færirst sönnunarbyrðin yfir á lyfjaráð ÍSí. Þessi ónákvæmni í málatilbúnaði kæranda eigi að leiða til sýknu kærða.

Kærði byggir jafnframt sýknukröfu á því að lyfjaeftirliti ÍSí hafi verið óheimilt að framkvæma umrætt lyfjaeftirlit gagnvart kærða enda hafi lög ÍSí ekki verið innleidd í regluverk Íshökkísambands Íslands í samræmi við gr. 1.2.1 og 16.1 laga um lyfjamál ÍSí. Kærði byggir á því að sú afdráttarlaus skylda hvíli á Íshökkísambandi Íslands samkvæmt áður nefndum greinum að innleiða lög ÍSí um lyfjamál í lög sérsambandsins svo reglur ÍSí um lyfjamál gildi um meðlimi sérsambandsins, þar á meðal kærða. Skortur á innleiðingu laga ÍSí um lyfjamál í regluverk Íshökkísambands Íslands leiði því til þess að sakfelling vegna meintrar lyfjamisnotkunar kærða verði ekki byggð á lögum ÍSí um lyfjamál enda taki löginn ekki til kærða.

Fallist dómurinn ekki á sýknukröfu kærða gerir kærði kröfu um að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Í því felist að kærða verði eingöngu veitt áminning vegna brots á lögum ÍSí um lyfjamál og ennfremur að krafa um fjögurra ára óhlutgengi verði hafnað. Enn fremur gerir kærði þá kröfu að óhlutgengið nái eingöngu til keppni en ekki æfinga og trúnaðarstarfa fyrir félagið og að upphaf óhlutgengis miðist við dag sýnisveitingar, sbr. gr. 10.10.2 laga ÍSí um lyfjamál, og að tímabil bráðabirgðabanns komi til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 10.10.3.

Krafa kærða um vægustu refsingu byggist á fimm nánar tilgreindum atriðum. Í fyrsta lagi að kærði hafi játað inntöku greindra efna skilyrðislaust og það eigi að virða honum til refsilækkunar, sbr. gr. 10.6.3 laga ÍSí um lyfjamál. Í öðru lagi þá bendir kærði á að hann áður verið tekinn í lyfjapróf án athugaemda og hafi því ekki verið uppvís af broti sem þessu áður. Í þriðja lagi þá vísar kærði til þess að lyfið hafi verið innbyrt utan æfinga- og keppnistímabils og því vandséð hvernig umrædd inntaka geti því verið árangursbætandi fyrir kærða. Í fjórða lagi vísar kærði til gr. 10.6 í lögum ÍSí um lyfjamál og að lokum þá beri að virða það til refsilækkunar að tilgangur notkunar lyfsins hafi verið að skera niður líkamsfitu vegna fyrirhugaðrar sólarlandaferðar en ekki til að bæta árangur sinn á vellinum.

V. Vitnaleiðslur.

Hvorki voru aðilar né vitni leidd fyrir dóminn.

VI. Forsendur og niðurstöður.

Dómurinn telur rétt að fjalla í upphafi um þá málsástæðu kærða að lyfjaeftirliti ÍSí taki ekki til kærða enda hafi lög ÍSí ekki verið innleidd í regluverk Íshökkísambands Íslands í samræmi við gr. 1.2.1 og 16.1 laga um lyfjamál ÍSí. Gildissvið laga ÍSí um lyfjamál er víðtækt og eiga löginn við um íþróttamenn sem eru meðlimir sérsambands eða einhvers sambandsaðila ÍSí (þar á meðal öll félög, lið, sambönd eða deildir), sbr. grein 1.3.1.1, og taka þátt í mótum, keppnum og öðrum viðburðum sem skipulagðir eru, haldnir, heimilaðir eða viðurkennir af sérsambandi eða sambandsaðila ÍSí (þar á meðal öll félög, lið, sambönd eða deildir), sbr. grein 1.3.1.2. Óumdeilt er að kærði er skráður í félag innan ÍSí, sbr. framlögð gögn úr félagaskráningakerfi ÍSí (FELIX) og keppir fyrir hönd UMF Esju í efstu deild Íshökkísambands Íslands, sbr. framlagðar leikskýrslur úr Hertz-deildinni í íshökkí, og fellur því undir gildissvið laga ÍSí um lyfjamál, samkvæmt greinum 1.3.1.1 og 1.3.1.2 í lögum ÍSí um lyfjamál.

Barátta gegn lyfjamisnotkun snýr að grundvallargildum íþróttahreyfingarinnar og í grein 1.5. í lögum ÍSÍ kemur fram sú skýra yfirlýsing að ÍSÍ, f.h. framkvæmdastjórnar sinnar og allra sambandsaðila, lofar að virða m.a. Alþjóðalyfjareglurnar (WADA code). Þá kemur fram í j og k liðum greinar 4.1. í lögum ÍSÍ að meðal tilgangs ÍSÍ sé barátta gegn notkun bannaðra efna. Í grein 1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er fjallað um gildissvið laganna og þar er gerður greinarmunur á gildissviði gagnvart Lyfjaeftirliti ÍSÍ, sérsamböndum og einstaklingum. Túlka verður grein 1.3. í síðastnefndum lögum samkvæmt orðanna hljóðan, sjá einnig til hliðsjónar grein 2.1 í WADA code, sbr. grein 21 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Sú handvömm Íshökkísambands Íslands að innleiða ekki regluverk ÍSÍ með réttum hætti inn í sitt regluverk, í samræmi við ákvæði greinar 1.2. í lögum ÍSÍ um lyfjamál, leiðir því ekki til þess að iðkendur í íshökkí séu undanskildir lyfjaeftirliti ÍSÍ, séu þeir félagar í félagi innan ÍSÍ og taki þátt í keppni sem skipulögð er og haldin af Íshökkísambandi Íslands, eins og leiða má með sjálfstæðum hætti af orðalagi greinar 1.3.

Fram kemur í málinu að niðurstöður greininga á þvagsýnum ákærða sýna að í þeim fundust vefjaaukandi efni, nánar tiltekið drostalone og niðurbrotsefni þess 2a-methyl-5a-andost-3-ol-17-one sem eru í flokki S1.1A á bannlista WADA. Kærða voru kynntar þessar niðurstöður og gekkst hann við því að hafa notað umrætt efni, sbr. framlagða skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ. Af skýrslunni verður ekki annað ráðið en að kærða hafi verið ljóst að umrætt efni væri á bannlista WADA, en að hann hafi talið að það myndi ekki greinast við lyfjaeftirlit þar sem langur tími var liðinn frá notkun þess. Óhjákvæmilegt er að skilja þetta sem játningu á notkun umrædds efnis vísitandi og af yfirlögðu ráði. Hefur þeirri játningu ekki verið mótmælt og er hún áréttuð í greinargerð verjanda kærða. Samkvæmt grein 2.1 telst það lyfjamisnotkun að tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífsýna finnist í líkamssýnum. Með vísan til framlagðra sönnunargagna og játningar kærða telst brot kærða fullsannað, sbr. gr. 2.1.2 og 3.1.

Kærði byggir aðalkröfu sína um sýknu á því að heimfærsla kæranda til refsíákvæðis sé ófullnægjandi þar sem einungis er vísað til gr. 10.2.1 en ekki undirgreina hennar. Grein 10.2 mælir fyrir um refsingu fyrir brot á greinum 2.1, 2.2 eða 2.6, með fyrirvara um mögulega styttingu eða niðurfellingu refsingar samkvæmt greinum 10.4, 10.5 eða 10.6. Grein 10.2 skiptist síðan niður í þrjár undirgreinar, 10.2.1, 10.2.2 og 10.2.3. Kærandi byggir á því að refsingu fyrir brot kærða á grein 2.1.2 skuli einkum fara eftir ákvæðum 10.2.1 sem mælir fyrir um fjögurra ára óhlutgengi. Greinin skiptist síðan niður í tvær undirgreinar, 10.2.1.1 og 10.2.1.2, sem mæla fyrir um hvor aðili beri sönnunarbyrði þess að brotið hafi verið af yfirlögðu ráði sem ræðst af því hvort um sérstaklega tilgreind efni sé að ræða eða ekki. Með vísan til þess að ekki er ágreiningur um þau atriði sem sanna þarf að þessu leyti, er ekki fallist á að neinu máli skipti, eins og mál þetta er vaxið, hvort tilgreining í kæru hafi verið ónákvæm hvað varðar sönnunarreglu þá sem í málinu skyldi gilda.

Við mat á heimildum dómsins til refsilækkunar vegna samvinnu, sbr. grein 10.6.1.1, ber að líta til þess að ákvæðið veitir einungis Lyfjaráði heimild til að fresta óhlutgengi en felur ekki í sér heimild dómstóla til refsilækkunar. Verður því ekki litið til ákvæðisins við ákvörðun refsingar. Samkvæmt grein 10.6.3 hefur dómurinn heimild til refsilækkunar, að fengnu samþykki WADA og Lyfjaráðs, enda liggja fyrir viðurkenning á broti. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir í málinu og hefur því dómurinn ekki heimild til að líta til ákvæðisins við ákvörðun refsingar.


Samkvæmt grein 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál varðar brot við grein 2.1, eins og hér um ræðir, óhlutgengi í fjögur ár. Eins og máli þessu er háttað eru skilyrði til að miða óhlutgengi við dag sýnisveitingar, sbr. grein 10.10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál.


Kröfu kærða um málskostnað er hafnað.


Dómsorð:

Kærði, Steindór Ingason, er dæmdur til fjögurra ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 6. september 2017.

Kröfu kærða um málskostnað er hafnað.


Björg Ásta Póðardóttir


Hilmar Gunnlaugsson


Sigurður Magnússon